

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn á Teams, 11. mars 2021 klukkan 15:00-16:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Elín Njálsdóttir og Fríða Hrönn Hallfreðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir og Kristín Þóra Möller fulltrúar foreldra. Þórhildur Betsý Ásta Árnadóttir og Hermann Borgar Jakobsson fulltrúar nemenda. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Niðurstöður skimana, samræmdra prófa og skólapúlsins.
2. Viðbrögð við vá.
3. Ný gildi Akurskóla – næstu skref.
4. Skóladagatal næsta árs.
5. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Niðurstöður skimana, samræmdra prófa og skólapúlsins

Skólastjóri fór yfir niðurstöður skimana, samræmdra prófa og skólapúlsins. Það gekk ekki nógu vel hjá 4. bekk í samræmdum prófum og skólapúls nemenda er ekki að koma vel út, en við erum ánægð með aðrar niðurstöður. Betsý Ásta og Hermann Borgar sögðu að þau teldu að það væri komin þreyta í hópinn að vera alltaf að gera skólapúlsinn. Sigurbjörg stakk upp á því hvort það væri betra að hafa það annað hvert ár. Þau voru sammála því.

2.mál Viðbrögð við vá


Skólastjóri fór yfir vinnu við endurskoðun á áætlun vegna vá og sýndi ráðinu nýuppfærða áætlun sem er búið að samþykkja á starfsmannafundi. Samþykkt án athugasemda.

3.mál Ný gildi Akurskóla – næstu skref

Skólastjóri fór yfir vinnu að nýjum gildum Akurskóla og næstu skref þar sem farið verður aftur í vinnu með nemendum og síðan foreldrum. Fulltrúar nemenda voru ánægð með ný gildi.

4.mál Skóladagatal næsta árs

Skólastjóri fór yfir skóladagatal Akurskóla skólaárið 2021-2022 sem var samþykkt á starfsmannafundi 10. mars. Það er með aðeins öðru sniði, en við ætlum að vera með 6 starfsdaga að hausti og 2 að vori og fækka



samtalsdögum niður í einn, en bjóða þess í stað oftari upp á viðtöl yfir önnina fyrir þá sem vilja. Skóladagatalið var samþykkt rafrænt. Sjá mynd hér til hliðar.

5.mál Önnur mál

a) Kristín benti á mikilvægi þess að farið væri betur yfir námsmat með foreldrum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15.39.

Fundargerð þessa ritaði
Þormóður Logi Björnsson
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla